

## **M-54/2014 Álit 20. mars 2015 - Endurupptaka á M-4/2014**

### **Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa**

Hinn 20. mars 2015 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-54/2014:

#### **I**

##### **Álitaefni og kröfugerð**

Hinn 16. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann taldi vera á bifreið, beindi álitsbeiðandi kröfum sínum að Y, hér eftir nefndur fyrri eigandi. Álitsbeiðandi. krefst skaðabóta.

#### **II**

##### **Málsmeðferð kæruneftndarinnar**

Með bréfi, dags. 13. ágúst, gaf kæruneftndin fyrri eiganda kost á andsvörum og bárust þau hinn 8. september. Í kjölfar andsvara fyrri eiganda óskaði álitsbeiðandi eftir því að mál nr. M-4/2014 yrði endurupptekið á grundvelli þeirra upplýsinga sem í andsvörunum var að finna. Í málinu nr. M-4/2014 hafði álitsbeiðandi beint kröfum sínum að Z, hér eftir nefndur seljandi, vegna sömu bifreiðar, en þeim kröfum var hafnað með álitni nefndarinnar í málinu hinn 26. maí 2014. Féllst kæruneftndin á að endurupptaka málið með bréfi, dags. 20. október. Nefndur seljandi kom þá að andsvörum hinn 20. nóvember. Með bréfi, dags. 24. nóvember, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að koma að athugasemdum við andsvör seljanda og bárust þær hinn 17. desember. Með bréfi, dags. 5. janúar, var seljanda gefinn kostur á að koma að frekari andsvörum og bárust þau hinn 27. janúar.

#### **III**

##### **Niðurstaða kæruneftndarinnar**

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup..

Í 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 segir eftirfarandi: „Nefndin tekur afstöðu til þess hvort ágreiningur aðila heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa málinu frá. Nefndin getur á öllum stigum málsmeðferðar ákveðið að vísa máli frá skv. þessari málsgrein.“

Í 5. mgr. sömu greinar reglugerðarinnar segir eftirfarandi: „Málsmeðferð fyrir nefndinni er skrifleg og kallar nefndin ekki fyrir vitni eða sérfróða menn nema að 2. mgr. 4. gr. eigi við í málinu.“

Ágreiningur aðila snýr að kaupum á notaðri bifreið. Ræðst niðurstaða málsins að mestu leyti á því hvaða vitneskju aðilar höfðu um tiltekið ástand bifreiðarinnar við sölu hennar hinn 25. desember 2013 og hinn 8. desember s.á. Eru aðilar í meginatriðum ósammála um þau málsatvik sem máli skipta fyrir niðurstöðuna, og varpa gögn málsins ekki nægjanlegu ljósi á málsatvik, til að byggt verði á þeim eingöngu.

Er það mat kæruneftndarinnar að útilokað sé að gefa efnislegt álit á deiluefni aðila, sem byggjandi yrði á, án þess að til komi að þeir sem að málinu komu með einhverjum hætti gefi munnlegar skýrslur um málið. Kæruneftndin hefur ekki heimild til að efna til slíkrar skýrslutöku og lítur svo á, m.a. af þeim sökum, að ágreiningur aðila sé þess eðlis að nefndin

geti ekki tekið afstöðu til hans með álitsgerð, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006, sem rakin er hér að framan. Kærunefndin vísar því álitsbeiðninni frá.

#### IV

#### Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Pétur Örn Sverrisson  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Hildigunnur Hafsteinsdóttir